



Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnagötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 7. mars 2025
USK24090074

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs dags. 5. mars 2025 varðandi eftirfarandi mál:

Elliðaárdalur - Breyting á deiliskipulagi

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals. Í breytingunni sem lögð er til felst að lega samgöngustíga er uppfærð til samræmis við fyrilliggjandi hönnun annars vegar við mislæg gatnamót Arnarnesvegar og Breiðholtsbrautar og hins vegar samgöngustígs með tveimur brúm yfir Dimmu. Báðar brýr fá breytta staðsetningu við nánari hönnun. Þá er ofanvatnstjórn komið fyrir milli stíga norðan við Breiðholtsbraut. Jafnframt er deiliskipulagsmörkum breytt þannig að mörkin fara að vegkanti rampa á Arnarnesvegi. Samgöngustígar norðan Breiðholtsbrautar ásamt fláum verða þannig innan deiliskipulags Elliðaárdals að mörkum þróunarreits. Deiliskipulagsmörk Arnarnesvegar breytast til samræmis við þessa afmörkun, samkvæmt upprætti Landslags, dags. 29. ágúst 2024, br. 22. janúar 2025. Tillagan var auglýst frá 17. október 2024 til og með 28. nóvember 2024. Ábendingar og umsagnir bárust. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 30. janúar 2025.

Lagt er til að tillagan verði samþykkt með þeim breytingum sem koma fram í umsögninni.


Samþykkt sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagsbla nr. 123/2010, með þeim breytingum sem koma fram í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. janúar 2025.
Vísað til borgarráðs.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir
*Skrifstofa stjórnsýslu og gæða
Umhverfis- og skipulagssvið*



Fylgiskjöl: Uppdrættir Landslags, dags. 29. ágúst 2024, br. 22. janúar 2025, innsendar athugasemdir og umsögn skipulagsfulltrúa.



Hluti upphaflegs deli skipulag 1:2500 auglýst í B-deild 28.04.2021



Gildandi deli skipulag 1:2500 auglýst í B-deild 28.10.2022



Ellidaárdalur - deli skipulag.

Almennt.

Breyting er gerð á upphaflegu deli skipulagi, "Reykjavíkurborg Ellidaárdalur". Auglýst í B-deild 28.04.2021. Jafnframt er breyting gerð á fyrstu breytingu ofangrelnaðs skipulags. Auglýst í B-deild 28.10.2022.

Breyting á deli skipulagi felst í eftirfarandi:

- Lega samgöngustíga er uppfærð til samræmis við fyrirliggjandi hönnun annars vegar við mislæg gatnamót Arnarnesvegi og Breiðholtsbrautar og hins vegar samgöngustígs með tveimur brúum yfir Dimmu. Báðar brýr fá breytta staðsetningu við nánari hönnun.
- Ofanvatnstjörn er komið fyrir milli stíga norðan við Breiðholtsbraut.
- Deiliskipulagsmörkum er breytt þannig að mörkin fara að vegkanti rampa á Arnarnesvegi. Samgöngustígar norðan Breiðholtsbrautar ásamt fláum verður þannig innan deli skipulags Ellidaárdals að mörkun þróunarreits. Deiliskipulagsmörk Arnarnesvegar breytast til samræmis við þessa afmörkun.

4. Möguleg hljóðvörn sett inn á skipulag meðfram Breiðholtsbraut og rampi frá Arnarnesvegi.

Valkvætt sem mön eða veggur allt að 1,5 m háð Fyrir utan breytingar þessar gildir áfram greinargerð deli skipulags Ellidaárdals sem öðlaðist gildi þann 28. apríl 2021 m.s.br.


Samræmi við aðrar áætlunar

Skipulagsleg staða - aðalskipulag

Í gildandi aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er skipulagssvæðið skilgreint OP4 Ellidaárdalur. Breyting á deli skipulagi er í samræmi við gildandi aðalskipulag.



Upphaflegt skipulag Ellidaárdalur - Suðurhluti 1:10000



HLUTI AÐALSKIPULAGS 2040
Rauður hrungur sýnir staðsetningu breytingar

NÝ BREYTING

SKIPULAGI BREYTT 28.10.2022

Skýringar	
Deli skipulagsmörk	
Brú	
Hjólastigar	
Stofnistiðar	
Tengistigar	
Aningastaður / fræðsla	
Reiðstigar	
Ofanvatnslaut	
Gróður	
Hverfisvernd	
Veghelgunarsvæði 30m	
Neðribrun fláa	
Nuv. hitaveitulög	
Ný hitaveitulög	
Hljóðvörn möguleg, món eða veggur 1,5 m há	
Minjar - 15m verndarsvæði	

Deli skipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við 43. gr. skipulagslag nr. 123/2010 var samþykkt í _____ þann _____. Tillagan var auglýst frá _____ með athugasemda fresti til _____.

Auglýsing um gildistöku deli skipulagsbreytingar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____.

Breytt 22.1.2025 eftir auglýsingu:
Minjar færðar inn. Skýringar leiréttar

REYKJAVÍKURBORG - ELLIDAÁRDALUR

BREYTING Á DEILISKIPULAGI

SKIPULAGSUPPDRÁTTUR - SUÐURHLUTI

KVARDI-A1:	1:2500	TEIKN NR:	101
DAGS:	29.08.2024	HANNAD:	þh
FLOKKUR:	000-reyk-elti_A	TEKNAD:	þh/er
SKRA:	1.2500	VERKNR:	24020

USK Skipulag

Frá: Dagný Bjarnadóttir [REDACTED]
Sent: fimmtudagur, 17. október 2024 18:35
Til: USK Skipulag [REDACTED]
Afrit:
Efni: Elliðaárdalur Arnarnesvegur- Breiðholtsbraut- deiliskipulagsbreyting

Eftirfylgniflagg: Fylgia eftir
Flaggstaða: Flaggan

You don't often get email from dagny@dld.is. [Learn why this is important](#)


Sæl

Ég er með ábendingu er varðar uppdráttinn af deiliskipulagi Elliðaárdals-Arnarnesvegur-Breiðholtsbraut. Það vantár útskýringardálk fyrir Reiðleið/ veiðislóði sem er teiknaður svartur í uppdrættinum.

Það liggu einnig reiðleið undir Breiðholtsbrautina og er því að hluta til inn á þessu afmarkaða svæði deiliskipulags, sem að öðru leiti dregur línuna meðfram reiðleiðinni.

Línan í útskýringadálkinum sem heitir deiliskipulagsmörk er svört eins og reileiðin er teiknuð en ekki slitin lína eins og hún er teiknuð.

Svo öllu sé haldið til haga væri gott að bæta við dálki fyrir Reiðleið/ veiðislóði sem er inn á skipulagsuppdrættinum.





Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Reykjavíkur og
nágrennis

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og
nágr.
henny@minjastofnun.is

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið - Skipulagsfulltrúi
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 8. nóvember 2024
MÍ202410-0108 / 6.09 / 0645

Efni: Elliðaárdalur - Arnarnesvegur-Breiðholtsbraut - breyting á deiliskipulagi

Minjastofnun Íslands barst tölvubréf skipulagsgáttarinnar dagsett 17. október 2024 þar sem fram kom að Reykjavíkurborg óskaði eftir umsögn stofnunarinnar um breytingu á deiliskipulagi fyrir Elliðaárdal, mál nr. 1237/2024. Hægt var að hlaða niður skipulagsupprætti sem unnin var af Landslagi ehf. dagsett 29.08.2024.

Helst er um að ræða breytingar á deiliskipulagsmörkum, legu samgöngustíga og staðsetningu brúa til samræmis við fyrirliggjandi hönnun og mislæg gatnamót Arnarnesvegar og Breiðholtsbrautar. Engar fornleifar eru sýndar á deiliskipulagsupprætti.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja fyrir skipulagssvæðið hefur farið fram í samræmi við 16. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar. Fyrir liggur skýrslan *Elliðaárdalur – Fornleifaskrá og húskönnun*, unnin af Borgarsögusafni Reykjavíkur árið 2020, skýrsla nr. 203. Samkvæmt þeirri skýrslu eru skráðar friðaðar fornleifar innan skipulagssvæðisins.

Í 1. mgr. 21. gr. laganna segir: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Í 4. gr. reglna nr. 620/2019 um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda segir m.a. að útlínur skráðra fornleifa skulu færðar inn á skipulagsupprátt þannig að fram komi með skýrum hætti umfang og afstaða minjanna.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvæðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sónu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kæranelgar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili málss óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíku rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Friðhelgað svæði umhverfis friðaðar fornleifar er 15 metrar skv. 22. gr. laganna.

Minjastofnun fer fram á að skráðar fornleifar á skipulagsvæðinu verði færðar inn á skipulagsuppráttinn ásamt friðhelgunarsvæði þeirra. Hægt er að nálgast landupplýsingagögnin hjá skraning@minjastofnun.is

Minjastofnun gerir ekki frekari athugasemdir við breytingu á ofangreindu deiliskipulagi. Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Effornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skyldt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,



Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágr.



Umhverfis- og skipulagssvið - USK
Höfðatorg - Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 8. nóvember 2024
USK24090074

Umsögn íbúaráðs Breiðholts um tillögu að breytingu deiliskipulagi Elliðaárdals (Arnarnesvegur-Breiðholtsbraut)

Á fundi íbúaráðs Breiðholts 6. nóvember 2024, var lögð fram og samþykkt umsögn íbúaráðs Breiðholts, dags. 6. nóvember 2024 um tillögu að breytingu deiliskipulagi Elliðaárdals (Arnarnesvegur-Breiðholtsbraut), sbr. 2. liður fundargerðar sama dag. Einnig var lagt fram bréf Skipulagsgáttar dags. 17. október 2024 með umsagnarbeiðni um tillögu að breytingu deiliskipulagi Elliðaárdals (Arnarnesvegur-Breiðholtsbraut).

Hjálagðri umsögn er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,
Heimir Snær Guðmundsson
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Miðlæg stjórnsýsla
Starfsmaður íbúaráða Reykjavíkurborgar.

Hjálagt: Umsögn íbúaráðs Breiðholts um tillögu að breytingu deiliskipulagi Elliðaárdals (Arnarnesvegur-Breiðholtsbraut)

**Umsögn íbúaráðs Breiðholts um tillögu að breytingu á deiliskipulagi vegna Elliðaárdalur -
(Arnarnesvegur - Breiðholtsbr.).**

Íbúaráðið hefur ekki athugasemdir vegna breytinga á legu samgöngustíga né breytinga á staðsetningu samgöngu brúnna tveggja yfir Dimmu. Um er að ræða eina mestu samgöngutengingingabót á stofnstíganeti hjólandi og gangandi milli Kópavogs og Breiðholtsins um alllangt skeið og mikilvægt framfaraskref til að tryggja greiða leið úr eystri byggðum inn á stofnstíganetið. Ofanvatnsthjörnin er mikilvægt framkvæmd en markmiðið er að veita ofanvatni á náttúrulegan hátt niður í jarðveginn, í stað þess að veita því í hefðbundin fráveitukerfi þannig að tjörnin er í raun að líka eftir aðferð náttúrunnar og náttúrulegri hringrás vatns. Ráðið tekur undir mikilvægi þess að lega (góngu- og hjólastíga) sé aðlöguð og samræmd að fyrirliggjandi hönnun mislægra gatnamóta Arnarnesvegar og Breiðholtsbrautar sem og deiliskipulags Elliðaárdals þannig að breytingar á deiliskipulagsmörkum Arnarnesvegar innan marka Reykjavíkurborgar verði til samræmis við nýja afmörkun Elliðaárdals.



Umhverfis- og skipulagssvið - USK
Höfðatorg - Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 13. nóvember 2024
USK24090074

**Umsögn íbúaráðs Árbæjar og Norðlingaholts um tillögu að breytingu
deiliskipulagi Elliðaárdals (Arnarnesvegur-Breiðholtsbraut)**

Á fundi íbúaráðs Árbæjar og Norðlingaholts 12. nóvember 2024, voru lögð fram og samþykkt drög að umsögn ráðsins um tillögu að breytingu deiliskipulagi Elliðaárdals (Arnarnesvegur-Breiðholtsbraut), sbr. 2. liður fundargerðar ráðsins sama dag. Jafnframt var lagt fram bréf Skipulagsgáttar dags. 17. október 2024 með umsagnarbeiðni um tillögu að breytingu deiliskipulagi Elliðaárdals (Arnarnesvegur-Breiðholtsbraut).

Hér með er hjálagðri umsögn íbúaráðs Árbæjar og Norðlingaholts um tillögu að breytingu deiliskipulagi Elliðaárdals (Arnarnesvegur-Breiðholtsbraut) komið á framfæri

Virðingarfyllst,
Heimir Snær Guðmundsson
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Miðlæg stjórnsýsla
Starfsmaður íbúaráða Reykjavíkurborgar

Hjálagt: Umsögn íbúaráðs Árbæjar og Norðlingaholts um tillögu að breytingu deiliskipulagi Elliðaárdals (Arnarnesvegur-Breiðholtsbraut)

12. nóvember 2024

**Umsögn íbúaráðs Árbæjar og Norðlingaholts um tillögu að breytingu deiliskipulagi Elliðaárdals
(Arnarnesvegur-Breiðholtsbraut)**

Íbúaráð- Árbæjar og Norðlingaholts fagnar nýrri og endurbættri göngu- og hjólabrú yfir Dimmu sem ráðið hefur barist lengi fyrir. Ráðið gerir ekki athugasemdir við staðsetningu og útfærslu hennar.



Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 28. nóvember 2024

**Efni: Umsögn Veitna um deiliskipulagsbreytingu Elliðaárdals (Arnarnesvegur -
Breiðholtsbraut)**

Mál 1237 /2024

Veitur hafa fengið til umsagnar deiliskipulagsbreytingu Elliðaárdals. Í breytingunni felst að lega samgöngustíga er uppfærð til samræmis við fyrirliggjandi hönnun annars vegar við mislæg gatnamót Arnarnesvegar og Breiðholtsbrautar og hins vegar samgöngustígs með tveimur brúm yfir Dimmu. Báðar brýr fá breytta staðsetningu við nánari hönnun. Þá er ofanvatnsthjörn komið fyrir milli stíga norðan við Breiðholtsbraut.

Veitur hafa kynnt sér tillöguna og bend á að þegar skipulag við Suðurfell fer af stað þá þarf að staðsetja settjörn fyrir hreinsun á ofanvatni vegna fyrirhugaðs hverfi.

Virðingarfyllst,
f.h. Veitna

Helga Rún Guðmundsdóttir

Umhverfis- og skipulagssvið Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar
 Borgatúni 12-14
 105 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2024
 UST202410-160/A.B.
 10.04.02

Efni: Breyting - Deiliskipulag - Elliðaárdalur - Arnarnesvegur - Reykjavíkurborg

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar er barst 17. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á deiliskipulagi fyrir Elliðaárdal.

Í greinargerð kemur fram að breytingin felst að lega samgöngustíga er uppfærð til samræmis við fyrirliggjandi hönnun annars vegar við mislæg gatnamót Arnarnesvegar og Breiðholtsbrautar og hins vegar samgöngustígs með tveimur brúm yfir Dimmu. Báðar brýr fá breytta staðsetningu við nánari hönnun. Þá er ofanvatnstjörn komið fyrir milli stíga norðan við Breiðholtsbraut. Jafnframt er deiliskipulagsmörkum breytt þannig að mörkin fara að vegkanti rampa á Arnarnesvegi. Samgöngustígar norðan Breiðholtsbrautar ásamt fláum verða þannig innan deiliskipulags Elliðaárdals að mörkum þróunarreits. Deiliskipulagsmörk Arnarnesvegar breytast til samræmis við þessa afmörkun.

Umsögn

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn varðandi tillöguna fyrir deiliskipulagið dags. 22. apríl 2020. Þar benti stofnunin á að innan skipulagssvæðisins eru hraun sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, bakkagróður sem nýtur verndar samkvæmt 62. gr. laganna og um friðun krú samkvæmt lögum nr. 64/1999.¹ Þar benti Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að þeir þættir sem njóta sérstakrar verndar² séu sýndir á uppdrætti eða þemauppdrætti. Auk þess þar sem að dalurinn er á Náttúruminjaskrá³ er mikilvægt að afmörkun hans sé sýnd á uppdrætti eða þemauppdrætti.⁴

Hér er verið að festa í sessi í skipulagi að stórum hluta þær framkvæmdir sem þegar hefur verið farið í, og því hefur svæðinu þegar verið raskað og umhverfisáhrif þeirra framkvæmda komnar fram.⁵

¹

<https://ust.is/library/Skrar/Umsagnir/Skipulagstilogur/Tillaga%20-%20Deiliskipulag%20fyrir%20Elli%c3%b0a%c3%a1rdal%20%c3%ad%20Reykjav%c3%ad.pdf>

² <https://serstokvernd.ni.is/>

³ <https://ust.is/natura/natturuverndarsvaedi/naturuminjaskra/sudvesturland/>

⁴ <https://naturuminjaskra.ni.is/>

⁵ <https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/>

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að reiðstígurinn sem sýndur er á uppdrætti er ekki í skýringum. Auk þess bendir Umhverfisstofnun á að einnig sé verið að breyta útfærslu á tengistígum og setja inn nýjan stofnstíg á Víðivöllum.

Virðingarfullst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri

UMSÖGN

Varðar: Elliðaárdalur, breyting á deiliskipulagi

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals. Í breytingunni sem lögð er til felst að lega samgöngustíga er uppfærð til samræmis við fyrirliggjandi hönnun annars vegar við mislæg gatnamót Arnarnesvegar og Breiðholtsbrautar og hins vegar samgöngustígs með tveimur brúm yfir Dimmu. Báðar brýr fá breytta staðsetningu við nánari hönnun. Þá er ofanvatnstorð komið fyrir milli stíga norðan við Breiðholtsbraut. Jafnframt er deiliskipulagsmörkum breytt þannig að mörkin fara að vegkanti rampa á Arnarnesvegi. Samgöngustígar norðan Breiðholtsbrautar ásamt fláum verða þannig innan deiliskipulags Elliðaárdals að mörkum þróunarreits. Deiliskipulagsmörk Arnarnesvegar breytast til samræmis við þessa afmörkun, samkvæmt uppdráttum frá Landslagi, dags. 29. ágúst 2024. Tillagan var auglýst frá 17. október 2024 til og með 28. nóvember 2024.

Ábendingar og umsagnir bárust. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. desember 2024 og er nú lagt fram að nýju.

Tillagan var auglýst frá 17. október 2024 til og með 28. nóvember 2024.

Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum:

Dagný Bjarnadóttir, dags. 17. október 2024.

Íbúaráð Breiðholts, dags. 8. nóvember 2024.

Minjastofnun Íslands, dags. 8. nóvember 2024.

Íbúaráð Árbæjar og Norðlingaholts, dags. 13. nóvember 2024.

Veitur, dags. 28. nóvember 2024.

Umhverfisstofnun, dags. 2. desember 2024.

SAMANTEKT:

Almennt ganga athugasemdir/ábendingar hagsmunaaðila út á:

- Innan skipulagssvæðisins eru hraun sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, bakkagróður sem nýtur verndar skv. 62. gr. laganna og um friðun kríu skv. lögum nr. 64/1999.*
- Reiðstígur sem sýndur er á uppdrætti er ekki í skýringum.*
- Engar fornleifar eru sýndar á deiliskipulagsuppdrætti.*

ALMENNT YFIRLIT BREYTINGA:

- Lega samgöngustíga er uppfærð til samræmis við fyrirliggjandi hönnun annars vegar við mislæg gatnamót Arnarnesvegar og Breiðholtsbrautar og hins vegar samgöngustígs með tveimur brúm yfir Dimmu. Báðar brýr fá breytta staðsetningu við nánari hönnun.
- Ofanvatnstjörn er komið fyrir milli stíga norðan við Breiðholtsbraut.
- Deiliskipulagsmörkum er breytt þannig að mörkin fara að vegkanti rampa á Arnarnesvegi. Samgöngustígar norðan Breiðholtsbrautar ásamt fláum verða þannig innan deiliskipulags Elliðaárdals að mörkum þróunarreits. Deiliskipulagsmörk Arnarnesvegar breytast til samræmis við þessa afmörkun.

Efnislegar athugasemdir sem bárust voru eftirfarandi:

Dagný Bjarnadóttir

Ég er með ábendingu er varðar uppdráttinn af deiliskipulagi Elliðaárdals-Arnarnesvegur-Breiðholtsbraut. Það vantar útskýringardálk fyrir Reiðleið/ veiðislóði sem er teiknaður svartur í uppdrættinum. Það liggu einnig reiðleið undir Breiðholtsbrautina og er því að hluta til inn á þessu afmarkaða svæði deiliskipulags, sem að öðru leiti dregur línum meðfram reiðleiðinni. Línan í útskýringadálkinum sem heitir deiliskipulagsmörk er svört eins og reiðleiðin er teiknuð en ekki slitin lína eins og hún er teiknuð. Svo öllu sé haldið til haga væri gott að bæta við dálki fyrir Reiðleið/ veiðislóði sem er inn á skipulagsuppdrættinum.

Athugasemd: Reiðstígur sem sýndur er á uppdrætti er ekki í skýringum.

Svar skipulagsfulltrúa: Skýringar í skipulagstillögu hafa verið uppfærðar og er reiðstígur nú skilgreindur og merktur þar inn.

Minjastofnun Íslands

Helst er um að ræða breytingar á deiliskipulagsmörkum, legu samgöngustíga og staðsetningu brúa til samræmis við fyrirliggjandi hönnun og mislæg gatnamót Arnarnesvegar og Breiðholtsbrautar. Engar fornleifar eru sýndar á deiliskipulagsuppdrætti.

Athugasemd: Engar fornleifar eru sýndar á deiliskipulagsuppdrætti.

Svar skipulagsfulltrúa: Fornleifar/minjar ásamt 15m verndarsvæðis umhverfis þær hafa verið færðar inn á skipulagsuppdrátt og skilgreiningu bætt við skýringar.

Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn varðandi tillöguna fyrir deiliskipulagið dags. 22. apríl 2020. Þar benti stofnunin á að innan skipulagssvæðisins eru hraun sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlagi nr. 60/2013, bakkagróður sem nýtur verndar samkvæmt 62. gr. laganna og um friðun kríu samkvæmt lögum nr. 64/1999.¹ Þar benti Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að þeir þættir sem njóta sérstakrar verndar² séu sýndir á uppdrætti eða þemauppdraætti. Auk þess þar sem að dalurinn er á Náttúruminjaskrá³ er mikilvægt að afmörkun hans sé sýnd á uppdrætti eða þemauppdraætti.⁴

Athugasemd: Innan skipulagssvæðisins eru hraun sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlagi nr. 60/2013, bakkagróður sem nýtur verndar samkvæmt 62. gr. laganna og um friðun kríu samkvæmt lögum nr. 64/1999.¹ Auk þess er mikilvægt að þeir þættir sem njóta sérstakrar verndar séu sýndir á uppdrætti eða þemauppdraætti.

Svar skipulagsfulltrúa: Á blaðsíðu 11 í greinargerð deiliskipulags Elliðaárdals dags. 16.11.2020 eru svæði/þættir sem njóta sérstakrar verndar sýnd á þemauppdraætti. Þar eru þessi svæði skilmerkilega sett fram á uppdrætti. Jafnframt er fjallað sérstaklega um hraungerðir og gróður í greinargerðinni. Auk þess er fjallað um fuglalíf í dalnum og mikilvæg fuglasvæði tilgreind sérstaklega á þemauppdraætti (blaðsíða 14 í greinargerð).

Niðurstaða:

Lagt er til að uppfærð tillaga að breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar hafa verið í kjölfar athugasemda og ábendinga. Tillagan verði send til yfirferðar hjá Skipulagsstofnun í aðdraganda auglýsingar um gildistöku í B-deild Stjórnartíðinda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur,
Þórður Már Sigfússon, skipulagsfræðingur SFFÍ og verkefnastjóri.